

Borgarráð

Efni:

Tillögur um viðauka við fjárhagsáætlun 2019

1. Viðauki vegna breytinga á fjárfestingaráætlun 2019

Lagt er til að fjárfestingaáætlun A-hluta Reykjavíkurborgar verði hækkuð um samtals 30.000 þkr. á árinu 2019 vegna framkvæmda á fasteign Álfabakka 10, sjá nánar í greinargerð. Þessi breyting á fjárfestingaráætlun verði fjármögnuð með lántöku að fjárhæð 30.000 þkr.

2. Viðauki vegna breytinga á fjárheimildum Eignasjóðs til rekstrar 2019

Lagt er til að fjárheimildir Eignasjóðs breytist eftirfarandi:

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SEA	1518	Tekjur - innri leiga	Til	-13.596
SEA	1518	Gjöld - leiga af þriðja aðila	Til	21.560
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-7.964
Samtals				0

3. Viðauki vegna breytinga á fjárheimildum Velferðarsviðs til rekstrar 2019

Lagt er til að fjárheimildir Velferðarsviðs breytist eftirfarandi:

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
VEL	xxxx	Gjöld - innri leiga	Til	13.596
VEL	xxxx	Lækkun útgjalda vegna leigu af þriðja aðila	Til	-1.915
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-11.681
Samtals				0

Greinargerð:

Velferðasvið hefur verið með aðstöðu á þremur stöðum fyrir Þjónustumiðstöð Breiðholts frá því að flytja varð hluta af starfsemi úr Álfabakka 12. Þjónustumiðstöðin hefur undanfarið verið til húsa í Álfabakka 12, Lynghals 9 og Þönglabakka 4. Með því að taka húsnæði á leigu í Álfabakka 10 verður aftur hægt að sameina þjónustumiðstöð á einum stað.

Leigusamningur er til 5 ára og er leiga krónur 1.710.000 á mánuði.

Ekki er gert ráð fyrir viðbótarleigu vegna þessa á árinu 2019 í ramma Velferðarsviðs og er áætlaður viðbótarkostnaður vegna leigu á árinu krónur 11.681.000.

Áætlaður kostnaður við að aðlaga húsnæði að Álfabakka 10 að starfsemi þjónustumiðstöðvar er krónur 30.000.000.

Í framhaldi er gert ráð fyrir að eignarhlutur Reykjavíkurborgar í Álfabakka 12 verði seldur og því húsnæði sem Reykjavíkurborg er með á leigu í Álfabakka 12 og Lynghálsi 9 skilað.

Eins er gert ráð fyrir að hluti af húsnæði Reykjavíkurborgar að Þönglabakka 4 verði seldur.

Áhrif á sjóðstreymi fela í sér aukningu fjárfestinga í varanlegum fastafjármunum að fjárhæð 30.000 þkr og jafnháa aukningu lántökuheimildar A-hluta Reykjavíkurborgar. Þessi áhrif verða einnig í samstæðuáætlun Reykjavíkurborgar A+B. Áhrif á rekstur vegna fjármagnskostnaðar er óverulegur.

Tillagan þarfnast samþykktar borgarstjórnar.

Dagur B. Eggertsson